

Sp.

114. Tillaga til þingsályktunar

[92. mál]

um að láta breyta vegakerfi á Þingvöllum.

Flm.: Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að fela Þingvallanefnd að láta hætta allri bílaumferð um veginn eftir Almagnagjá og leggja nýjan bílveg, er eigi liggir gegnum gjána.

Greinargerð.

Það er nauðsynlegt að láta hætta allri bílaumferð gegnum Almagnagjá, ef sá staður á að vera raunverulega friðlýstur. Nú er svo komið, að illverandi er fyrir fólk í gjánni sakir bílaumferðar og þess ryks og ókyrriðar, sem af umferðinni stafar. Og ekki er ólíklegt, að umferð hinna þungu farartækja, sem sífellt verða fyrirferðarmeiri, valdi aukinni hættu á hrúni úr gjárbarminum, — og með tímanum grefur rykið, sem upp er þyrllað, búðarústirnar, ef þannig er haldið áfram.

Almagnagjá á að vera friðaður reitur, þar sem menn fara um fótgangandi, þar sem blóm og grös fá að vaxa í næði og þar sem fólk getur verið í friði við minjarnar um forna tíma og sérkennilega náttúrufegurð staðarins. Frekar mætti prýða gjána villtum blómum, án þess að fara samt að búa þar til nokkra blómareiti, í stað þess að ausa hana svo ryki sem nú er gert með bílaumferðinni.

Auðvelt er að tryggja betri samgöngur en nú eru í gegnum Almagnagjá með vegalagningu til Valhallar af vegum þeim, sem nú liggja niður frá þjóðveginum fyrir neðan Kárastaði.

Tilgangur þessarar þáttill. er að fela Þingvallanefnd að láta framkvæma þetta í samráði við vegagerð ríkisins. Léti nefndin þá banna allan akstur gegnum Almagnagjá, en hins vegar væri nefndinni í sjálfsveld sett, að hve miklu leyti hún leyfði farlana fólk, sem ella gæti ekki horið sig yfir, undanþágu til að aka inn í gjána frá Öxarárbrú og snúa síðan við nálægt Lögbergi.